

Verkmenntaskóli Austurlands

LOKA3VE05



**Áhrif Þórbergs Þórðarsonar á íslenska  
bókmenntastefnu**

**Birkir Freyr Elvarsson**

Leiðbeinandi: Ingibjörg Þórðardóttir

Vorönn 2017



## Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Þórbergur og áhrifavaldur hans.....	5
Verk Þórbergs og ritdómar.....	7
Þórbergur í nútímanum.....	10
Lokaorð.....	12
Heimildarskrá.....	13

## Inngangur

Ég valdi þetta verkefni af því að ég vildi gera eitthvað sem tengdist mínu heimahögum, Hornafirði. Ágúst Ingi Ágústsson kom með þá hugmynd að gera eitthvað í kringum Þórberg Þórðarson og leist mér ágætlega á þá hugmynd og fór strax og hafði samband við Ingingjörgu Þórðardóttir, íslensku kennaran minn, og við ákváðum í sameiningu að þetta væri verkefni sem ég gæti gert.

Ég lagði af stað með rannsóknarspurninguna “Hvaða áhrif hafði Þórbergur Þórðarson og verk hans á íslenskar bókmenntir?”. Smá saman með tímanum breytist hún í “Hafði Þórbergur og verk hans áhrif á Íslenskar bókmenntir? Ef svo, hvaða?”

Í þessari ritgerð ætla ég að skoða hvort Þórbergur hafi haft áhrif á íslenska bókmenntastefnu með skrifum sínum á t.d. *Bréf til Láru* (1924), *Íslenskur aðall* (1938), *Ofvitinn* (1940), *Steinarnir tala* (1956) og *Rökkuróperan* (1958), svo fátt eitt sé nefnt. (Thorbergur.is, e.d.)

Í fyrsta kaflanum ætla ég að fara yfir ævi Þórbergs og á sama tíma að skoða hvað hafði svona mikil áhrif á hann sem varð til þess að hann fór að skrifa í sínum stíl, skáldævisögu.

Kafli tvö fjallar um nokkur af verkum Þórbergs og lagði ég áherslu á að skoða hvað fólk hafði um verkin að segja þegar þau komu út.

Í þriðja og síðasta kaflanum skoða ég hvort Þórbergur hafi haft áhrif á einhver skáld sem á eftir honum komu, eða þau skáld sem voru uppi á meðan hann var að skrifa. Í þessum kafla notaðist ég mikið við heimildir úr bók eftir Soffíu Auði Birgisdóttur *Ég skapa – þess vegna er ég - Um skrif Þórbergs Þórðarsonar* (2015).

Í lokaorðunum tók ég svo saman og sagði til um hvort Þórbergur hafi haft einhver áhrif á íslenska bókmenntastefnu.

## Þórbergur og áhrifavaldar hans

Þórbergur Þórðarson fæddist á Hala í Suðursveit þann 12.mars 1888. Hann var sonur Þórðar Steinssonar og Önnu Benediktsdóttur. Hann var elstur fjögurra systkina. Næst á eftir honum fæðist stúlkubarn, Guðný, sem dó ung að aldri. Þórbergur minnst þess einmitt að eitt af hans fyrstu minningum var litla líkkistan uppá baðstofulofti. Síðan fæðast þeir Steinþór (1892) og Benedikt (1896). Steinþór fékk snemma það



hlutverk að taka við búinu á Hala þar sem Þórbergur var ekki líklegur til að gera það. Benedikt settist síðar að á Kálfafelli.

Þórbergur var heilsulítill þegar hann var ungur; fékk mikil hóstaköst og gat lítið gengið til verka. Læknir taldi þetta vera lýsandi dæmi um barna astma. Löngu síðar

kom í ljós að hann var með hjartagalla sem gréri með tímanum. Þessi veikindi hans höfðu mikil áhrif á hann, talið er að hann hafi leitað mikið inná við og hugsað meira í þessum veikindum, og þess vegna orðið þessi spekingur sem hann lýsti að hann hafi orðið strax sem barn. En ekki eru það bara veikindi hans sem munu hafa haft áhrif á hann, heldur einnig náttúran og samfélagsgerð þessa tíma sem hann lifði á. Á Hala voru margir bæir saman og fólk kom oft saman í baðstofunni og las hvert fyrir annað. Þá voru Íslendingasögurnar helst lesnar og má segja að þau á Hala hafi verið orðnir einskonar sérfræðingar í þeim efnum. Náttúran var einnig stór partur af því sem gerði Þórberg að því sem hann svo varð, en það kemur líka skýrt fram í verkum hans að náttúran hafi haft áhrif á verk hans.

Þórbergur fer ungur að heiman, 1906, 18 ára að aldri. Hann stoppaði í Nesjum á Hornafirði og vann við smíði á brú þar, Laxárbrú. Hann fór svo til Reykjavíkur en það er ekki mikið vitað um ferðalag hans þangað. Það þykir þó líklegt að hann hafi tekið strandveiðiskip til borgarinnar, þó ekki séu neinar heimildir sem sanna það. Hann hafði ekkert samband heim nema endrum og eins og þá var bréf sent með landspóstinum. Fólkið á Hala vissi ekki heimilisfang Þórbergs þannig að pósturinn þurfti í sífellu að leita hann uppi til að koma bréfunum sem þau skrifuðu til hans til skila. Hann gerðist því næst kokkur á skútu en allur sjarminn fór af því fljótt og hann

lifði miklu sultarlífi, sem er mjög líklegt að hafi mótað hann einnig. Síðan fór hann að stunda leikfimi, mullersæfingar, hugleiðslu og yoga til að komast út úr vanlíðaninni. Hann náði svo að klóra sig út úr fátæktinni með smá utanaðkomandi hjálp sem margir telja að hann hafi fengið frá Unuhúsum. Hann fór svo að stunda nám við Háskólann í Reykjavík án þess að hafa tiltekinn próftökurétt, hann sat við nám í 5 ár en fékk ekki að taka prófin. Hann fór því næst að kenna og var vel liðinn sem kennari, hann kenndi bæði við Verzlunarskóla Íslands og Iðnskólann. Eftir að hann gaf út bók sína *Bréf til Láru* (1924) þá var Þórbergi vikið frá störfum vegna skoðanna sinna sem koma fram í bókinni. En til merkis um það hversu vel hann var liðinn sem kennari þá gaf bekkurinn sem hann kenndi honum stytta, höfuðkúpa með hröfnunum hans Óðins, Huginn og Muninn, og framan á styttni var gylltur skjöldur sem á stóð “Frá nemendum Iðnskólans”. Hann vann sem kennari frá 1918 – 1925. Þarna um 1918 kynntist hann einnig stúlku sem hét Sólrún Jónsdóttir, kölluð Sóla. Hún var ástin hans í lífinu en móðir Sólrúnar hafði hugsað sér að hún myndi giftast öðrum manni, hann hét Steindór og var sjómaður, og það var mikið áfall fyrir Þórberg. Þau héldu þó áfram að tala saman þrátt fyrir að hún væri kvænt öðrum manni, sem varði í einhver tvö ár en þá varð hún ólétt. Hún eignaðist stúlku sem var skírð Guðbjörg Steindórsdóttir en var þó dóttir Þórbergs. Steindór dó í sjóslysi og eftir það hættu Sóla og Þórbergur smám saman að tala saman.

Þórbergur kynntist svo Margréti Jónsdóttur nokkru síðar og kvæntust þau árið 1932 og voru saman þar til dauðinn aðskildi þau. Þau eignuðust engin börn saman og bjuggu allt sitt líf í Reykjavík. Þórbergur kom fyrst aftur austur á Hala sumarið 1933 eftir að þau giftust og sýndi henni heimaslóðir sínar. Á leiðinni “heim” lenti hann í miklum vatnavöxtum í Skeiðará og skrifaði þá *Vatnadagurinn mikli* (1933). Á árunum 1940-1950 fór Þórbergur að koma oftast heim í Suðursveitina og þá sérstaklega eftir að hægt var að fljúga. Síðasta ferðin hans austur var svo árið 1972, en þá var hann orðinn mikill sjúklingur af Parkinsonsveiki og ætlaði hann svo að neita að fara aftur til Reykjavíkur þegar átti að fara í flugvélinu. Þann 12. nóvember 1974 andaðist Þórbergur á Vífilstöðum.

Í bókinni *Rökkuróperan* (1958) lýsir Þórbergur leikjum barnanna á Hala frá hans yngri árum. Það sem er áhugavert við þessar lýsingar er að hann talar bara um strákana þrátt fyrir að nóg hafi verið af stúlkum á Halabæjunum. (Þorbjörg Arnórsdóttir, munnleg heimild, 8.mars 2017).

## Verk Þórbergs og ritdómar

Þórbergur skrifaði mörg verk á ferli sínum. Fyrsta verkið hans kom út árið 1924 og heitir *Bréf til Láru*. Þetta var mikið tímamótaverk, því að það fór á mót við allar sögur sem voru skrifaðar á þessum tíma. Nýrómantískastefnan geysaði yfir Ísland og voru helstu einkenni hennar ljóð, þar var allt í blóma á þessum árum og ekkert gat klikkað. Síðan skall kreppan mikla á árið 1929, Wall Street hrundið, sem hafði miklar afleiðingar á Íslendinga og íslenska velferðarkerfið.



Eins og áður sagði var *Bréf til Láru* mikið tímamótaverk, en skáldævisaga hafði ekki sést áður fyrr hér á Íslandi. Þegar hún kom út fór allt á aðra hliðina í landinu og hafði landinn ýmislegt um þetta mál að segja. Sterku skoðanir Þórbergs á svo mörgu fóru oft öfugt ofan í marga. Sumir hverjir kveinkuðu sér við skoðanir hans meðan aðrir voru honum sammála, og oft á tíð urðu miklar ádeilur um þessar skoðanir hans, á milli þeirra sem voru honum sammála og þeirra sem voru það ekki. Það voru skrifaðir ritdómar í blöð t.d. Morgunblaðið og Alþýðublaðið, og voru þessi tvö ekki á sömu skoðun um verk hans, Alþýðublaðið var oftast en ekki með, á meðan Morgunblaðið var á móti.

Argus skrifaði nokkrar greinar í Morgunblaðið um *Bréf til Láru*. Hann talaði um *Bréf til Láru* í Morgunblaðinu (Argus. 30. Apríl 1925, bls 4) í grein sem hann nefndi *Skrípaleikurinn*. Þar segir hann frá sínum skoðunum á bókinni og einnig segir hann frá hvað honum finnst um aðra ritdóma sem hafa t.d komið fram í Alþýðublaðinu, þar sem hann segir að menn hafi lofað Þórberg alltof mikið og að menn séu farnir að líkja honum við Guð. Argus talar um að menn eigi að skammast sín því þarna sé um Guðlast að ræða, og þegar að menn segi að *Bréf til Láru* sé himnasending varði það við hegningarlög (Argus 9. Maí 1925, bls 2).


Bókabéus (8. Janúar 1925, bls 4) skrifaði í Alþýðublaðið hvað lesandi myndi kynnast við lesningu bókarinnar.

Ritlist snillingsins, skemtun fræðimannsins, hugarflug skáldsins, vizka vitringsins, dulspeki draum hugans, hroltur hins hugsjúka, víðsýni vagfarandans, mælska hins málsnjalla mans, hlátur húmoristans, bituryrði háðfuglsins, hittni hermíkrákunnar, sýnir hugsjónamannsins, víðhygli

alheimsborgarans, átölur umbótamannsins, máttur mannvinarins aðönskur alvörumannsins, hugrekki hins hreinskilna, rödd hrópandans í eyðimörkinni, ylur kærleikans, raust réttlætisins, vandlæting sannleikans, mál spekinnar, niður aldanna þytur eilífðarinnar. (Bókabési, 1925, bls 4)

Þetta er mjög gott dæmi um ritdóm frá einum af „aðdáendum“ *Bréf til Láru*. Bókabéus skrifaði fleiri greinar, þar sem hann t.d. líkir bókinni við glæsilegan guðvef og segir að snjöllustu rithöfundar út í heimi geti ekki skrifað svona vel.

Síðar skrifaði Þórbergur *Íslenskur aðall*, og varð sú bók ekki síður vinsæl þó svo hún hafi ekki ollið eins miklum deilum og *Bréf til Láru*, og sennilega hefur ekkert, og mun ekkert, verk valda eins miklum deilum.



Sagan í Íslenskum Aðli á að gerast árið 1912 þegar Þórbergur var rúmlega tvítugur og segir frá mislukkuðum tilraunum Þórbergs til að ná sambandi við stúlku sem hann þráir. Hún hefst í Hrutafirði þar sem hann er í sumarvinnu, rétt hjá þar sem stúlkan býr. Sagan heldur svo áfram til Siglufjarðar og þaðan til Akureyrar, og snýr svo aftur til baka. Á leiðinni kynnist hann ungum piltum sem þrá að verða skáld og er bara tímaspursmål hvenær þeir taka yfir heiminn. (Þórbergur Þórðarson, 1938)

Þó svo að *Íslenskur aðall* hafi ekki valdið jafn miklum usla og *Bréf til Láru* þá var samt deilt á um hana. Menn voru þó yfirleitt sammála um að þarna væri vel skrifuð bók. Bókadómarnir eru á svipuðum nótum og um *Bréf til Láru* og Þórbergur er enn sakaður um guðlast. Hún er frumleg og vel skrifuð. Jón H. Guðmundsson skrifar í *Alþýðublaðið* (14. Júní 1938, bls 2) að Þórbergur geti einfaldlega ekki verið óvandvirkur. Einnig sagði hann í sömu grein :

“Íslenskur aðall” er þáttur úr sjálfsævisögu í skáldlegum búningi, skrifaður af manni, sem hugsar ekki eins og fólk flest og kann að rita öðruvísi en aðrir gera. [...] frá hendi Þórbergs getur maður alt af vænst þess að fá eitthvað frumlegt og betur gert en flest það, sem gefið er út hér á landi. (Jón H. Guðmundsson, 1938)

Og betri lýsing á Þórbergi er líklega hvergi hægt að finna, “hugsar ekki eins og fólk flest og kann að rita öðruvísi en aðrir gera”



Jón H. vill meina að það sem bókinn sé sannleikanum samkvæm, og það sem Þórbergur skrifar sé eitthvað sem hann hafi þá upplifað. Hann segir einnig óbeint að Þórbergur sé einn besti rithöfundur sem Ísland eigi.

## Þórbergur í nútímanum

Það má sjá víða áhrif frá Þórbergi í íslenskum bókmenntum, eða skáldævisöguna, nú til dags. Dæmi um skáldævisögur eru *Indjáninn* (Jón Gnarr, 2006), *Sjóræninginn* (Jón Gnarr, 2012) og *Götumálarinn* (Þórarinn Leifsson, 2011). *Indjáninn* og *Sjóræninginn* eru undirtitlaðar *Skálduð ævisaga* og *Götumálarinn* er undirtitluð *Skáldævisaga*. (Soffía Auður Birgisdóttir, 2015, bls 265).

Þórbergur fór eitt sinn í viðtal við ungan menntaskólanema. Nemandinn, sem var drengur, spyr Þórberg “Þú hefur aldrei skrifað skáldsögu?”. Þórbergur svarar : “Kannski ekki, mínar sögur eru blendingur úr tilbúningi og sannsögli, [...] Þú ert móderni maður og hefur kannski ekkert gaman af því. Ég er ekki móderni. Ég er eins og menn verða eftir næstu aldmót.” (Ég skapa – þess vegna er ég, Soffía Auður Birgisdóttir, 2015, bls 264). Það sem er merkilegt við þetta viðtal er það að þetta hefur sennilega ræst hjá honum. Skáldævisaga er eitt af einkennum byrjun 21. aldarinnar og ekki bara á Íslandi heldur líka víða annars staðar í heiminum.

Jón Gnarr er einn af þeim sem hafa orðið fyrir mestum áhrifum Þórbergs, enda segir hann í einni bók sinni, *Indjáninn* : “Einhvern veginn hlýtur Þórbergur að vera faðir minn” (Soffía Auður Birgisdóttir, 2015, bls 263) og líka “Ég hef fundið sálufélaga minn” (Soffía Auður Birgisdóttir, 2015, bls 280) Bókin er í skáldævisögulegum stíl og hún minnir því mikið á skrif Þórbergs. Jón segir líka, í bókinni, frá því þegar hann fór á sýningu L.R. á *Ofvitenum* og þar segir hann:

„Ljósín slokkna og leikritið hefst. Og um leið hefst upphafning sálar minnar og hún svífur upp af moldargólfi hversdagsins og baðar sig í töfraljóma hinnar andlegu sólar og drekkur í sig hvert orð og hverja hreyfingu. Þvílík fegurð!

Leikritið heitir *Ofvitinn* eftir samnefndri bók eftir Þórberg Þórðarson. Þórbergur var öðruvísi. Hann var eins og ég. Hann var meira að segja rauðhærður. Kannski er ég þá ekki hálfviti eftir allt saman heldur ofviti? Ég skil hann. (Soffía Auður Birgisdóttir, 2006)

Bókin byrjar einnig á tilvitnun í *Ofvitann*. Hann segir líka í bókinni að hann þekki það að vera ekki eins og allir aðrir, vera uppá kant við allt. Þá er hann að líkja sér við Þórberg sem var ekki eins og fólk er flest.

*Bréf til Láru* var klárlega tímamótaverk hjá Þórbergi, það mótaði það sem átti eftir að koma. Það hafði aldrei verið skrifað eitthvað í líkindum við það sem

Þórbergur skrifaði þarna og því ekki nema eðlilegt að það olli smá ursla í samfélaginu. En á sama tíma var þetta mikill brautriðjandi og stuttu seinna kom út *Vefarinn mikli frá Kasmír* (1927) eftir Halldór Laxnes sem var talið marka upphaf íslenskra nútímabókmennta. (1924). (Gljúfrasteinn, e.d.)

## Lokaorð

Þórbergur hafði töluverð áhrif á fullt af skáldum og sérstaklega skáld 21. aldarinnar. Við sjáum það þar sem mörg skáld vísa í bækur Þórbergs við í skáldævisögum sínum og þau segja líka hvað bækur hans hafi haft mikil áhrif þau. Ég tel að það sem hafði mest áhrif á Þórberg var hann sjálfur og æska hans. Hann bjó á mjög einangruðum stað, var mikið veikur þegar hann var yngri og vann því ekkert úti, og þegar að það gerist þá held ég að smátt og smátt hafi minnimátarkenndin verið að taka yfir hann. Síðan notar hann yoga og aðrar huglegar æfingar til að ná að yfirstíga þessa minnimátarkennd og nær svo að nota hann í bækur og notar hana sem aðhlátur efni.

Hann hafði samt ekki bara áhrif á þá sem skrifuðu skáldævisögu heldur líka önnur skáld til að leyfa sér að skrifa meira og örðuvís og ekki alltaf fara eftir reglunum. Eftir að hafa lesið mig meira til um þennan tíma bókmenntasöguni, þá kemst ég alltaf að þeim punkti að það hafi enginn verið á leiðinni að skrifa neitt öðru vísi en vanalegt er. Og ég er á þeirri skoðunar að Halldór Laxnes hefði ekki leyft sér að gefa út *Vefarinn mikli frá Kasmír* (1927) ef Þórbergur hefði ekki verið búinn að skrifa *Bréf til Láru* (1924) út af því að það þótti ekki venjulegt að skrifa eitthvað svona og það vantaði einhvern til að taka á skarið. Það má vel vera að þetta hefði komið einhver tíman seinna, en ekki svona snemma.

## Heimildarskrá

Argus. (1925, 9. Maí). OPIÐ BRJEF til Br. B. Morgunblaðið, blaðsíða 2.

Argus. (1925. 30. Apríl). SKRÍPALEIKURINN. Morgunblaðið, blaðsíða 4.

Bókabéus. (1925, 8. Janúar). Andríkt sendibréf. Alþýðublaðið, blaðsíða 4.

Gljúfrasteinn. (e.d.). sótt af

[http://www.gljufasteinn.is/is/halldor\\_laxness/vi\\_og\\_verk\\_halldors\\_kiljans\\_laxness/ri\\_tverk/vefarinn\\_mikli\\_fra\\_kasmir/](http://www.gljufasteinn.is/is/halldor_laxness/vi_og_verk_halldors_kiljans_laxness/ri_tverk/vefarinn_mikli_fra_kasmir/)

Jón H. Guðmundsson. (1938, 14. Júní). Ízlenskur aðall. Alþýðublaðið, blaðsíða 2.

Soffía Auður Birgisdóttir. (2015). *Ég skapa – þess vegna er ég: Um skirf Þórbergs Þórðarsonar*. Reykjavík: Bókaútgáfan Opna.

Soffía Auður Birgisdóttir. (2006, 25. Nóvember). “Kannski er ég þá ekki hálfviti eftir allt saman...?”. Mbl.is. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1116103/>

Thorbergur.is. (e.d.). Sótt af <http://www.thorbergur.is/index.php/is/skaldidh-thorbergur/ritaskra/111-ritaskra-flokkadh-efir-utgafuarum>

Þórbergur Þórðarson. (1938). *Íslenskur aðall*. Reykjavík, Mál og menning.